



1. Fundur Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi.

14. september 2022

Fundur hófst kl. 14

Fundi lauk kl. 16.

Fundargerð er rituð í tölvu bls. 1

Tilnefndir í Notendaráðið eru: Hermína Hreiðarsdóttir frá Einstökum börnum, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir þjónustuþegi, Júlía Margrét Birgisdóttir frá Einhverfusamtökunum, Einar Víðir Einarsson, Karolína Kristín Gunnlaugsdóttir og Rebekka Ásgeirsdóttir, öll þrjú tilnefnd af fjölskylduráði. Helga Björg Pálmadóttir ráðgjafi hjá félagsþjónustu, er starfsmaður Notendaráðs.

Hermína Hreiðarsdóttir ritar fundargerð.

1. Skipan í embætti í Notendaráði

Jóna Rún var kosin formaður og Rebekka varaformaður.

2. Kynning á starfi Notendaráðs.

Hróðný, félagsmálastjóri og Hermína fóru yfir starf notendaráðs.

3. Römpum upp Ísland

Notendaráð beinir því til fjölskylduráðs að skoða hvort verkefnið Römpum upp Ísland hafi verið kynnt fyrir eigendum verslana, veitingastað og annarra þjónustustofnana í Norðurþingi.

Ráðið óskar eftir úttekt á aðgengi í eignum sveitarfélagsins og bendir á að hægt sé að sækja um styrk í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að breyta eignum Norðurþings til að auðvelda aðgengi.

4. Starfsemi Miðjunnar

Notendaráð hvetur félagsþjónustuna til að endurskoða lokun Miðjunnar eins og gert var síðasta sumar.

Nú er búið að stytta opnunartíma Miðjunnar um tvo tíma á dag, í stað þess að opna kl. 8 er opnað kl. 10. Samkvæmt mánaðarskipulagi september mánaðar, eru fundir frá kl. 10-11:30 á mánudögum. Er ekki hægt að hafa fundina áður en Miðjan opnar, annars er skert þjónusta við notendur á meðan fundir eru.